

**Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 25. apríl 2006.

Efni: Frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð (668. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem endurskilgreinir og þrengir hlutverk hins opinbera í landmælingum og kortagerð frá gildandi lögum.

Starfsemi ýmissa einkafyrirtækja, svo sem Loftmynda ehf. og verkfræðistofunnar Hnits ganga m.a. út á að kortleggja landslag Íslands. Starfsemi Landmælinga er því að miklu leyti á því sviði sem þessi fyrirtæki sinna. Í október síðastliðnum gerðu Loftmyndir ríkissjóði tilboð um að taka yfir rekstri Landmælinga gegn greiðslu 100 milljóna króna á ári næstu 5 árin. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 kostar 226 milljónir króna að reka stofnunina. Hér er því um kostaboð að ræða fyrir íslenska skattgreiðendur.

Rétt er að byrja á því að fagna hverju því sviði þar sem hið opinbera dregur sig úr samkeppnisrekstri. Í þessu tilfalli er hið opinbera að draga sig út úr prentun, heildsölu og smásöludreifingu á kortum á pappírssniði sem gjarnan eru seld á bensínstöðvum og ferðamiðstöðvum. Betur færi ef hið opinbera væri jafnframt að draga sig út úr söfnun gagna, kortagerð ásamt heildsölu og smásölu á stafrænum gögnum. Ef hinsvegar er talið að einkaaðilar muni ekki sjá sér hag í því að sinna tiltekinni starfsemi sem talið er nauðsynlegt að sinnt sé, er eðlilegt að slík starfsemi sé boðin út. Þannig er óþarft að halda úti sérstakri stofnun til að sinna þessum verkefnum.

Ekki verður ráðið af greinargerð eða umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem er fylgiskjal með frumvarpinu að til standi að draga saman seglin í rekstri stofnunarinnar, til dæmis með fækkun starfsmanna. Vekur það furðu, einkum í ljósi þess að verði er að fækka verkefnum stofnunarinnar.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði samþykkt en að í framhaldinu verði hugað að því að bjóða út önnur verkefni Landmælinga með það fyrir augum að leggja stofnunina niður.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson